


Leikfélag Reykjavíkur:
ÍRLANDSKORTIÐ.
Höfundur: Brian Friel.
Þýðandi: Karl Guðmundsson.
Lýsing: Daniel Williamsson.
Leikmynd og búningar: Steinþór Sigurðsson.
Leikstjóri: Eyvindur Erlendsson.



Írar og Bretar talast við

tilsagnar kennara sem auk almennra námsgreina lögðu mikla áherslu á fornmenntir, ekki síst latneskan skáldskap. Blómaskeiði hlöðuskólanna lauk 1831 þegar Stanley Írlandsmálaráðherra beitti sér fyrir nýjungum í fræðslumálum sem öllu því að einungis var kennt á ensku.

Brian Friel tekur sér fyrir hendur að lýsa togstreitunni milli Íra og Breta, hvernig þjóðleg írsk menning verður að vika fyrir breskri ásókn. Þótt hann lýsi nítjándu öldinni er skírskotun til samtímaatburða ljós í verkinu. Hver kannast ekki við þau átök sem eiga sér stað enn í dag?

Að mínu mati er Írlandskortið fyrst og fremst samræða milli Íra og Breta, þeir talast við í leikriti Friels á máli sem þeir skilja. Satt að segja er erindi verksins til annarra landa vafasamt. Í því eru að visu sigild sannindi um félagslega kúgun og um ást, en dæmin eru bundin heimahögum verksins.

Írlandskortið er í raun fremur hljóðlát verk, leitast er við að gefa meira í skyn en segja berum orðum. Það sem gerist í verkinu á að láta áhorfandann skynja meiri og stærri atburði, ógnvænlegri hluti en hann fær að sjá. Þetta tekst nokkuð vel hjá Brian Friel, samanber hvarf lautinantsins og

þátt bræðranna herskáu sem aðeins er talað um, birtast aldrei á sviðinu. Ástarsagan einfalda sem lýsir kynnum írsku stúlkunnar og breska lautinantsins öðlast dýpt með þessari aðferð höfundarins, en er furðu litlaus þegar á allt er litið.

Ég veit ekki hvort það er höfundinum að kenna eða leikstjóranum Eyvindi Erlendssyni að sýningin verður á köflum mjög yfirborðsleg, eitthvað skortir til þess að áhorfandinn finni til með persónunum. Stundum verður bæglagangur í leikrunum til þess að gera sýninguna beinlínis marklitla og skoplega þegar hún á að vera annað og meira. Það er eins og sumir leikaranna trúir ekki á varkáran frásagnarmáta höfundarins og reyni að ná til áhorfenda með ýktu látbragði.

Karl Guðmundsson, sem þýtt hefur leikritið á gott og hljómmikið íslenskt mál, kemst einna næst því að skilja anda verksins og túlka það. En túlkun Karls eins nægdi ekki. Ása Svavarsdóttir í hlutverki Mairu sýndi að hún er efnileg leikkona. Einnig var geðfelft túlkun Pálma Gestssonar í hlutverki lautinantsins.

Einna mest þótti mér koma til túlkunar Hönnu Maríu Karlsdótt-

ur á Sorghu, nær mállausri stúlku sem er mikill orlagavaldur í leikritinu.

Emil Gunnar Guðmundsson var meðal þeirra sem gerðu vel. Karl Ágúst Úlfsson sem áður hefur látið að sér kveða eftirminnlega á sviði var dæmi um óþol sem vikið var að hér að framan. Sama er að segja um Steindór Hjörleifsson sem greip til þess ráðs að fara út í hreinan farsaleik. Kjartan Ragnarsson í hlutverki kafeinsins var eins og tindati og er það í fyrsta sinn sem ég hef séð Kjartana mistakast jafn hrapallega í leik. Önnur hlutverk gefa ekki tilefni til ummæla: Harald G. Haraldsson í hlutverki Dolta og Ragnheiður Steindórsdóttir í hlutverki Britu.

Vera má að frumsýningar-skjálfti hafi gert sýningu Írlandskortsins funkenndari en efnistöðu til. Með meiri slípun gæti þetta orðið þokkaleg sýning, en varla annað og meira.

Þess skal að lokum getið að leikmynd Steinþórs Sigurðssonar lýsti mestri hugkvæmni á þessari sýningu. Rigning Steinþórs var svo raunveruleg að hún leiddi hugann að regnhlífarleysi. Hún jók að minnsta kosti á þann drunga sem var yfir þessari frumsýningu í Iðnó. En var á bætandi?

Jóhann Hjálmarsson

Heimsmynd sem hriktir í

Leiklist

Jóhann Hjálmarsson

Nemendaleikhúsið, Leiklistarskóli Íslands:
PRESTSFÓLKID
eftir Minna Canth.
Þýðing: Úlfur Hjörvar.
Leikgerð: Ritva Siikala.
Leikstjóri: Ritva Siikala.
Aðstoðarmaður leikstjóra: Helga Hjörvar.
Leikmynd: Pekka Ojamaa.
Lýsing: David Walters.
Sýningar í Lindarbæ.

Minna Canth (1844—1897) var baráttukona í leikritagerð, samdi ádeiluverk í því skyni að vekja fólk til umhugsunar og vildi helst breyta samfélaginu til hins betra. Í Prestsfólkinu (1891) er Minna Canth mildari í afstöðu sinni en oft áður, en verkið er síður en svo án brodds. Það stingur á kylum samfélagsins, einkum húsbóndavaldi. Séra Henrik Valtari drottinn yfir fjölskyldu sinni, fulltrúi heimsmyndar sem farið er að hrikta í. Elisabeth, kona hans, verður að sætta sig við tilveru sína, en hún skynjar að tímarnir eru að breytast. Börn þeirra hjóna: sonurinn Jussi og dæturnar Hanna og Maiju gera öll uppreisn gegn föður sínum.

Minna Canth hefur vissa samúð með Henrik Valtari vegna þess að hann skilur ekki að hann er að leiða börn sín í ógæfu með hardýðgi sinni. Hann áttar sig að visu um síðir. Jussi, sem í óþökk föður síns gerist blaðamaður við frjálslýtt blað eftir að hann hefur lokið stúdentsprófi, er

fulltrúi nýja tímans, frjálslyndis sem skorar afturhald á hölm og svífst einskis. Hann veigar sér ekki við að vega að föður sínum á prenti til að geta baðað sig í ljósi gáfna og frægðar. Hanna er heilsteypt persóna, en verður að lúta í lægra haldi vegna þess að hún er kona. Jafnvel hinir frjálslyndu ofurhugar líta niður á konur, virða skóðanir þeirra að vettugi. Það kemur á daginn að Jussi og félagi hans og samherji, Teuvo Rastas, eru óðum að breytast í íhaldskarla. Hanna talar fyrir daufum eyrum um frið og mótmæli gegn herskyldu. Maiju sem er að leggja út á listabraut er að bugast undan því álagi sem flótti hennar að heiman hefur verið. Hún vinnur þó sigur sem leikkona.

Leikgerð Ritva Siikala er gerð af hugvitssemi. Lokabáttur verksins sem gerist í Helsinki þegar presturinn er kominn til að sækja Maiju, bjarga henni úr klóm borgarlífsins sem hann fyrirlitur, er þó veikasti hlekkurinn. Í rauninni hefr allt verið sagt þegar prestshjónin standa ein eftir ásamt þjónustustúlkunni. Hið gamla samfélag er þá í raun og veru hrunið til grunna. En margar orðræður í lokabætti verksins eru engu að síður mergjadar, ekki síst þær sem snúast um frelsið og kærleikann.

Maður hlýtur að taka eftir því sérstaklega hve Ritva Siikala leggur mikla áherslu á einstaklinginn, hverja persónu fyrir sig. Hinum ungu og efnilegu leikurum gaf hún mörg

Akureyringar


Myndlist

Valtýr Pétursson

Sjö framsæknir myndlistarmenn að norðan hafa efnit til sýningar á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Það eru ekki glæsileg tíðindi, sem þeir flytja: Svo laklega er að þessari listgrein húði í höfuðstað Norðurlands, að þeir verða að fara allan veg til Reykjavíkur til að koma verkum sínum á framfæri. Það vita allir, sem fylgst hafa með, að mikið átak hefur verið unnið í myndlist á Akureyri að undanförunu, en samt er ástandið sem fyrr segir. Þar í bæ mun vera mikill áhugi á myndlist heimamanna, en til skamms tíma hefur ekki verið gerlegt fyrir utanbæjarmenn að sýna verk sín þar. Sá, er þetta ritar, sýndi eitt sinn á Hótel Varðborg, og var þá tjáð, að þeir eða fjórir hefðu séð þá sýningu og auðvitað voru það skyldmenn. Það eru að visu nokkur ár síðan þetta gerðist, en samt hefur ástandið ekki batnað meir en svo, að margur góður málari hikaði við að leggja í að halda sýningu á Akureyri, enda er ástandið þannig, að þeir fyrir norðan þurfa að koma suður til að koma verkum sínum á framfæri. Hér þarf að verða bót á.

Sýning norðanmanna að Kjarvalsstöðum er nokkuð mikil að vöxtum, og meira sett þar á veggjum en húsíð raunverulega þolir. Það

hefði mátt gera miklu betri sýningu úr þessum verkum, hefði meir verið grisjað og betur valið. Allir aðilar hefðu grætt á því. Það eru 114 númer á sýningunni og kennir þar margra grasa, olíumálverk, akrylmýndir, vatnslitir, teikningar og myndverk. Þessir sjömenningar fara margir hverjir mismunandi leiðir í tjáningu sinni, og því er skemmtilegt að kynna hópnum. Þeir eru einnig sem einstaklingar misjafnir á vegi staddir í myndlist sinni, og auðvitað verður sýning sem þessi nokkuð ósamstæð. Ég held þó, að fullyrða megji, að á þessari sýningu séu miklu betri hlutir en voru hér um árið í Norræna húsinu, er norðanmenn sýndu þar, Það eru bæði kostir og ókostir við sýningar sem þessa. Menn fá minni umfjöllun og koma oft á tíðum ekki eins skýrt í ljós og æskilegt væri. En ef sýndur geta notfært sér samanburð við verk annarra, getur slíkt fyrirtæki sannarlega borgað sig. Erlendis er það oft þannig, að listamenn sýna saman árum saman og mynda hóp. Er skemmt að vitna til allra þeirra hópna, er standa að sýningum í Danmörku, og einnig hefur þetta fyrirbæri skotið upp kollli hér, eins og flestir hafa tekið eftir. Af þeirri reynslu, er af slíkum sýningum hefur fengist, má vissulega hvetja þá Akureyringa til að halda áfram hópsýningum og notfæra sér þær að bestu getu. Það ætti einnig að skapa sam-



heldni og félagsskap í ekki stærri bæ en Akureyri er, og þar virðist sannarlega verk að vinna fyrir þá menn, er hér eiga hlut að máli.

Það verður að stikla á stóru, hvað einstakan sýnanda snertir að sinni. Hér er of margt verka til að gera þeim nokkur skil, en samt vil ég minnst á það, sem vakti eftirtekt mína að nokkrum ráði: Guðmundur Ármann hefur áður sýnt hér í borg, að ég held í tívagun, og eru verk hans nú mun frambærilegri en áður var. Hann hefur sérstaklega ljúfa litameðferð og teiknar vel. Það virðist langur

vegur frá sýningum hans í SÚM hér um árið til þess, er hann gerir nú. Örn Ingi sýndi verk sín að Kjarvalsstöðum fyrir stuttu, og var ég þá sérlega ánægður með það handbragð, er var á þeirri sýningu. Það er sama sagan enn og myndverk hans eru í sama stíl og áður var. Þarna er allt svo snurfsað og fint að maður verður hrifnari af vinnubrögðum Arnar Inga en af boðskapnum, sem er ekki víst að hafi komist til skila hvað mig snertir. Óli G. Jóhannsson er dálítið einhæfur í verkum sínum. Flestar myndir hans eru í

dökkum og brúnum tónum sem njóta sín vel á stundum, en það er nokkuð stór skammtur að sjá svo margar myndir í sömu litum og mikið til dregnar úr sömu fyrirmyndum. Einar Helgason virðist hafa orðið mjög hrifinn af Erro okkar. Hann setur sér erfíð viðfangsefni, sem eru útfærð með nokkuð óþægilegum litum, og ég fæ ekki skilið hvert þessi málari er að fara. Aðalsteinn Vestmann sýnir vatnslitamyndir og akrylmálverk. Vatnslitir virðast mér eiga betur við þennan málara, og ég held að hann geti náð árangri á